

"Jæja, nú fer ég inn í skóginn og tíni eldivið. Það er heimska, að vera hræddur. Guð og frelsarinn varðveita börnin, þegar þau eru góð og saklaus — segir mamma, og hún veit, hvað hún segir".

Þegar pilturinn hafði huggað sig við þessa hugsun, fór hann að syngja vers úr sálmabókinni; röddin var nokkuð veik, en forkunnar fögur. Hann gekk fáeina faðma inn í skóginn og var svo heppinn, að finna þar nóg af greinum og kvistum. Á stuttum tíma tindi hann saman eirs mikið og hann treysti sér til að bera, batt síðan snæri utan um vöndulinn og lyfti honum á bak sér.

"Skoðum við til", sagði hann ánægður, "nú fer ég heim og nú skal mamma fá hita, og ég skal sjóða handa henni súpu, — það verður ágætt".

Hann hljóp fáein spor og var þá aftur kominn út á þjóðveginn og steindi svo í áttina heim. Nú var orðið nærri fulldímpt og enn rignði. Byrðin var of þung fyrir piltinn, svo honum lá við að hníga niður undir henni, og nokkrum sinnum datt honum í hug, að fleygja henni niður og hlaupa heim. En þá datt honum í hug, að móðir hans var köld og svöng, hertí sig því og labbaði áfram með byrði sína. Loksins var hann kominn út úr skóginum, þangað sem engjar og akrar lágu með fram veginum. Uppgefinn settist litli göngumaðurinn á stein, og horfði með tár í augum á skíðavöndulinn, sem hann hafði lagt við fætur sér. Þaðan, sem hann sat, sá hann yfir Venern, og á litlu nesi, sem teygði sig út í vatnið, sá hann móta fyrir gráu steinhúsi.

"Hvers vegna", sagði pilturinn við sjálfan sig, "verð ég að ráfa hér um skóginn, svangur og holdvotur, með þessa þungu byrði, á sama tíma og þeir, sem eiga heima í steinhúsinu þarna, sitja við ofninn og hlýja sér, og borða kveldmatinn og steikt epli,